

Skilablað – húsnæðismál lögreglustjórans á Suðurlandi

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leigu-húsnæði (leiguverkefni).

1 Upphaf verkefnis

Samkvæmt tölvupósti, dags. 9.12.2015, frá Hrafni Hlynssyni, lögfræðingi hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti, til forstjóra FSR, var óskað eftir að FSR tæki að sér að skoða húsnæðismál lögreglustjórans á Suðurlandi.

Engin sérstök tímamörk voru skilgreind á verkefninu að öðru leyti en því að óskað var eftir að vinnu FSR yrði flýtt eins og kostur væri.

Halldóra Vífilsdóttir, þáverandi forstjóri FSR, lagði í framhaldinu til að Pétur Bolli Jóhannesson og Róbert Jónsson, verkefnastjórar hjá FSR, myndu leiða verkefnið.

2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að vinna minnisblað með tillögum að lausn vegna undirbúnings á breytingum á húsnæðismálum lögreglustjórans á Suðurlandi. Embættið er nú með starfsemi á tveimur stöðum á Hvolsvelli. Stefnt var að því að koma starfseminni fyrir á einum stað í framtíðinni og þá helst á efti hæð hússins við Hlíðarveg 16 en á neðri hæðinni er lögreglan til húsa sem stendur.

Verkefnið fékk heitið „Húsnæðismál lögreglustjórans á Suðurlandi“.

Lagt var upp með að bókhalds- og greiðslulþjónusta yrði hjá FSR en verkkaupasamningur var ekki kláraður þar sem verkefnið leystist upp áður en til þess kom.

3 Verknúmer

Send var beiðni um stofnun verknúmer til skrifstofustjóra FSR 11.12.2015 og var verknúmerið 633 0103 stofnað 15.12.2015.

4 Framvinda

Unnið var minnisblað um stöðu húsnæðismála embættisins. Í framhaldinu voru lagðar til tvær hugmyndir til lausnar á húsnæðisvandanum.

Núverandi staða:

Austurvegur 6

Húsnæðið er um 312 fermetrar að stærð og er í eigu ríkissjóðs. Sýslumaðurinn á Suðurlandi er með húsnæðið á leigu en þar eru staðsettir fjórir starfsmenn embættisins.

Sýslumaður leigir lögreglustjóranum á Suðurlandi hluta húsnæðisins, um 168 fermetra, en þar situr lögreglustjóri og tveir starfsmenn hans.

Hlíðarvegur 16

Efri hæð húsnæðisins við Hlíðarveg 16 er um 218 fermetrar en þar eru sveitarstjórnarskrifstofur Rangárþings eystra.

Lögreglustjóri hefur óskað eftir því að fá efri hæðina til ráðstöfunar fyrir sig og starfsmenn sína tvo en einnig gerir hann ráð fyrir að það þurfi aðstöðu fyrir fulltrúa almannavarna og lögfræðing.

Þá vantar fundarherbergi sem gert er ráð fyrir að verði einnig aðgerðarherbergi, til dæmis við náttúruvá.

Sveitarstjóri hefur lýst sig reiðubúinn til að leigja eða selja ríkissjóði hæðina.

Hugmyndir að lausnum:

Tveir starfsmenn Framkvæmdasýslu ríkisins fóru austur og skoðuðu aðstæður. Eftirfarandi tvær lausnir gátu komið til álita:

Lausn 1:

Ríkissjóður leigi eða kaupi hæðina við Hlíðarveg 16 af sveitarfélagini fyrir lögreglustjóran og starfsmenn hans. Á móti tekur sveitarfélagið hluta af hæðinni við Austurveg 6 á leigu, það er þann hluta sem lögreglustjóri situr nú í. Um væri að ræða tímabundna leigu til að minnsta kosti fimm ára. Þessi möguleiki hefur verið ræddur við sveitarstjóra sem tók vel í málefnið þó að sjálfsögðu liggi ekki fyrir staðfesting sveitarstjórnar.

Lausn 2:

Ríkissjóður leigi eða kaupi hæðina við Hlíðarveg 16 af sveitarfélagini fyrir lögreglustjóran og starfsmenn hans en einnig yrði starfsemi sýslumannsins, sem nú fer fram að Austurvegi 6, komið fyrir á hæðinni.

Heildarstarfsmannafjöldi á hæðinni yrði þar með 7-9 manns sem gerir um 24 fermetra á starfsmann miðað við níu starfsmenn en lögreglustjóri áformar að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir fulltrúa almannavarna og lögfræðing.

Miða skal við að fundar-/aðgerðarherbergi verði útbúinn staður í þeim hluta hússins þar sem nú er bílageymsla og muna- og vopnageymsla en þessi rými tilheyra löggreglustjóraembættinu. Um væri að ræða 20–25 fermetra rými.

Húsnæði sýslumannsins við Austurveg 6 verði selt eða leigt út.

Ráðgjafar verkefnisins voru Pétur Bolli Jóhannesson og Róbert Jónsson, verkefnastjórar FSR.

5 Kostnaður verksins

Eins og fram hefur komið var einungis unnið minnisblað um lausn húsnæðismála löggreglustjórans á Suðurlandi og er því kostnaðurinn í samræmi við það. Heildarkostnaður FSR vegna verkefnisins var alls 634.200 kr. sem fólst aðallega í umsjón og ráðgjöf, auk vinnslu minnisblaðs.

6 Niðurstaða verkefnis

Verkefnastjórar FSR lögðu til tvær hugmyndir til lausnar á húsnæðismálum embættisins eins og lýst er í lið nr. 4. Í framhaldinu sendi skrifstofustjóri innanríkisráðuneytisins, Pétur U. Fenger, tölvupóst dags. 21.3.2016 til fjármála- og efnahagsráðuneytis þar sem lagt er til að leið 1 verði farin til lausnar á húsnæðismálum embættisins. Sú leið var síðan valin af fjármála- og efnahagsráðuneyti og efri hæð Hlíðarvegar 16 keypt undir starfsemi löggreglustjórans á Suðurlandi. Í dag er því löggreglu-embættið með allt húsið til umráða.

7 Ákvörðun verkkaupa

Sjá lið nr. 6.

8 Verklok

Verklok voru í ágúst 2016.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðir staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýlu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, förstjóri, settur



Pétur Bolli Jóhannesson verkefnastjóri